

44. fundur

Hafnarnefnd Stykkishólms hafnar hélt fund þriðjudaginn 9. ágúst 2005 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Símon Sturluson, Kristinn Ó. Jónsson, Sigurður Páll Jónsson, Hrannar Pétursson, hafnarvörður, Erla Friðriksdóttir, hafnarstjóri sem jafnframt ritaði fundargerð, Þór Örn Jónsson og Björgvin Guðmundsson.

Formaður setti fundinn og stjórnaði.

1. Ársreikningur fyrir árið 2004.
Þór Örn fór yfir ársreikninginn og gerði grein fyrir stöðu Stykkishólms hafnar og niðurstöðu ársreiknings 2004. Þór Örn sat þennan fundarlið og yfirlit svo fundinn.
2. Viðlega skemmtibáta.
Rætt var um viðlegu skemmtibáta við höfnina. Bæta mætti aðstöðu og auka við pláss fyrir skemmtibáta.
3. Umsókn Sæferða um viðtóbaryggjupláss.
Sæferðir sækja um aðstöðu fyrir minni bát sem ætlaður er í styttri ferðir, við olíubryggju.
Hafnarnefnd samþykkir að Straumey (áður Hafrún) sknr. 1919 fái umbeðið pláss til 1. júní 2006.
4. Umsókn Sæferða um lóð á hafnarsvæðinu.
Sótt er um svæðið við svokallaða Árnasteina fyrir framtíðar þjónustumiðstöð fyrirtækisins í Stykkishólmi.
Hafnarnefnd telur nauðsynlegt að deiliskipulag hafnarinnar liggja fyrir áður en farið er út í frekari framkvæmdir við höfnina, eins þarf að liggja fyrir álit sérfróðra manna í hafnarmálum um hvaða áhrif þessi fyrirhugaða framkvæmd hefði á aðra starfsemi hafnarinnar.
5. Ný hafnarreglugerð Stykkishólms hafnar kynnt.
6. Bréf Ásdísar H. Ásmundsdóttur, dags. 29.7.2005, lagt fram.

Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:50.

Símon Sturluson (sign.),
Björgvin Guðmundsson (sign.),
Kristinn Ó. Jónsson (sign.),

Hrannar Pétursson (sign.),
Sigurður Páll Jónsson (sign.),
Erla Friðriksdóttir (sign.).

Íhs.